



STARFSSKÝRSLA 2011 TIL 2012






**STARFSSKÝRSLA  
2011-2012**



Umsjón: Pórey S. Þórðardóttir

Prentvinnsla: Oddi, umhverfisvottuð prentsmiðja 

Hönnun: Hvíta húsið

Kápumynd: Rómantík í Dimmuborgum

Ljósmyndir: Vilhelm Gunnarsson bls. 4 · Hreinn Magnússon bls. 11 · Aðrar myndir Jóhannes Long

## EFNISYFIRLIT

Ávarp stjórnarformanns .....	4
Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða .....	6
Stjórn og framkvæmdastjóri samtakanna .....	7
Aðalfundur Landssamtaka lífeyrissjóða .....	8
Vinafundur til heiðurs Hrafni .....	11
Starfshópar LL .....	12
Úttektarnefnd LL .....	17
Gjaldmiðlavarnarsamningar lífeyrissjóða .....	17
Erlent samstarf .....	18
Umsagnir LL .....	19
Aðildarsjóðir Landssamtaka lífeyrissjóða .....	20
<b>Ársreikningur 2011</b>	
Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	23
Áritun óháðs endurskoðanda .....	24
Rekstrarreikningur ársins 2011 .....	25
Efnahagsreikningur .....	26
Sjóðstreymisyfirlit árið 2011 .....	28
Skýringar .....	29

## ÁVARP STJÓRNARFORMANNS



Árið 2011 er fyrsta árið þar sem afleiðingar banka- og efnahagshrunsins haustið 2008 setja ekki teljandi mark á afkomu lífeyrissjóðanna. Eignarýrnun af völdum banka- og efnahagshrunsins og afleiðinga þess var að mestu komin fram í ársreikningum sjóðanna 2008–2010. Eftir hrunið stendur eftir gjörbreytt efnahagsumhverfi með viðvarandi

6-7% atvinnuleysi og áframhaldandi gjaldeyrishöftum, sem takmarkar möguleika sjóðanna til fjárfestinga. Þessi tvö mikilvægu mál eru samtvinnuð. Afnáam gjaldeyrishafta mun auka öll umsvif og um leið fjárfestingar, sem draga mun úr atvinnuleysi. Afnáam gjaldeyrishafta er ekki auðvelt viðfangsefni og mun ekki takast nema með samkomulagi Seðlabanka Íslands, stjórnvalda, Alþingis og hagsmunasamtaka á vinnumarkaði. Þá kann aðkoma lífeyrissjóða að slíkri sátt að skipta máli.

Landssamtök lífeyrissjóða áætla að vegið meðaltal hreinnar nafnávöxtunar lífeyrissjóðanna hafi verið um 7,6% á árinu 2011 en verðbólga á árinu var 5,2%. Að meðaltali var því 2,4% hrein samanvegin raunávöxtun lífeyrissjóðanna árið 2011. Raunávöxtun sjóðanna á sl. ári var eðlilega nokkuð misjöfn eftir samsetningu og ávöxtun eignaflokka. Árið 2008 var neikvæð raunávöxtun lífeyrissjóða um 22% og vógu áhrif bankahrunsins þar langmest, árið 2009 var hún jákvæð um 0,3%, árið 2010 jákvæð um tæplega 2,7% og árið 2011 varð hrein raunávöxtun lífeyrissjóðanna sem sagt jákvæð um 2,4%.



Bandaríska S&P500 hlutabréfavistalan stóð í stað á árinu 2011 og heimsvísitala Morgan Stanley lækkaði um tæp 8% mælt í dollurum. Áhrif af þessum breytingum á erlendum vísitölum skila sér með nokkuð öðrum hætti

í eignasafni lífeyrissjóðanna í árslok 2011 vegna rúmlega 4% lækkunar á gengi íslensku krónunnar á árinu. Ljóst er að erlendar fjárfestingar sjóðanna skiluðu ekki ávöxtun á árinu 2011 en það breytir ekki mikilvægi þeirra í eignasafni sjóðanna. Áhrifin af alvarlegu efnahagsástandi og miklu atvinnuleysi á þeim efnahagssvæðum, sem sjóðirnir hafa beint sínum fjárfestingum koma fram í lakari afkomu fyrirtækja og dregur um leið úr kaupmætti almennings. Við þessar erfiðu aðstæður lætur eitthvað undan og hafa margar ríkisstjórnir orðið að víkja. Ekki sér fyrir enda á þessu erfiða efnahagsástandi, ekki síst á evrusvæðinu, einu mikilvægasta markaðssvæði Íslendinga fyrir útflutningsframleiðslu sína.

Heildareignir lífeyrissjóðanna eru áætlaðar 2.096 milljarðar króna í árslok 2011 en voru 1.914 milljarðar kr. í árslok 2010 og höfðu því aukist um 182 milljarða kr. Upplýsingar um þessa 9,5% aukningu heildareigna sjóðanna og skiptingu þeirra í eignaflokka er að finna í skýrslu Seðlabanka Íslands. Eins og áður gefa þær ekki rétta mynd af ávöxtun sjóðanna þar sem iðgjaldtekjur eru áfram töluvert hærri en lífeyrisgreiðslur og útgreiðslur vegna viðbótarlífeyrissparnaðar.

Til þess að lífeyrissjóðir geti staðið undir lífeyrisskuldbindingum sínum þarf árleg langtímaávöxtun þeirra að nema 3,5% umfram innlenda verðbólgu. Afkoma síðustu fimm ára er langt undir þeirri viðmiðun og munar þar mest um mjög neikvæða afkomu 2008. Fimm ára meðaltal raunávöxtunar sjóðanna 2007–2011 er neikvætt um 3,7% en 10 ára meðaltal árána 2002–2011 er aftur á móti jákvætt um rúm 2,0%.

Áföllin eftir bankahrunið 2008 og afleiðingar þess leiddu til þess að nokkrir lífeyrissjóðir urðu að lækka lífeyrissréttindi og skerða lífeyrisgreiðslur. Skerðingar eru enn að koma fram hjá nokkrum sjóðum á þessu ári. Flestir sjóðir sem hafa orðið að skerða réttindi, höfðu áður aukið réttindi umfram hækkan vísitölu þegar ávöxtun þeirra var



hvað best fyrir hrunið 2008. Frá september 2008 hefur vísitala fyrir lífeyrisgreiðslur sjóðanna hækkað um 33% en launavísitala um tæp 23% á sama tímabili.

Alþjóðlega fjármálakreppan og gjaldeyrishöftin hér á landi hafa óhjákvæmilega leitt til mikilla breytinga á fjárfestingarstefnu lífeyrissjóðanna. Mikil aukning hefur orðið í hverskyns innlánsformum og skuldabréfum með ríkisábyrgð. Í árslok 2011 námu innlendar eignir lífeyrissjóðanna rúmlega 77% á móti 74% í árslok 2010. Erlendar eignir sjóðanna námu um 22% á móti 26% í árslok 2010. Í árslok 2009 voru þessi hlutföll 68% í innlendum eignum og 32% í erlendum eignum. Margir lífeyrissjóðir hafa tekið þátt í nokkrum gjaldeyrisútboðum Seðlabanka Íslands frá miðju ári 2011 en þau hafa þann tilgang að flýta fyrir því að unnt sé að aflétta gjaldeyrishöftum. Seðlabankinn hefur boðist til að kaupa evrur í skiptum fyrir íslenskar krónur, sem vilja komast úr landi, gegn greiðslu í ríkisverðbréfum.

Alþingi samþykkti á sumarþingi 2011, þrátt fyrir kröftug mótmæli, að leggja tímabundinn eignarskatt á lífeyrisjóðina til að fjármagna sérstakar vaxtabætur 2011–2012. Búið er að innheimta 1.400 millj. kr. hjá sjóðunum sem fyrirframgreiðslu vegna 2011 og svipaða fjárhæð átti að innheimta vegna 2012. Þessi skattlagning átti þátt í því að hindra framlengingu kjarasamninga á almennum vinnumarkaði. Landssamtök lífeyrissjóða og fjármálaráðuneytið sömdu síðan um það snemma árs 2012 að sjóðirnir muni taka virkan þátt í 3-4 gjaldeyrisútboðum Seðlabanka Íslands með gildum tilboðum að fjárhæð allt að 200 milljónum evra. Þessi útboð, sem skapa ríkissjóði umtalsverðar tekjur, eru nú langt komin. Að óbreyttu verður lagt fram stjórnarfrumvarp á haustþingi 2012 um að hætt verði við eignarskattinn 2012 og að ríkið endurgreiði þær 1400 milljónir króna sem sjóðirnir greiddu vegna ársins 2011.



Viðræður við skilanefndir og síðar slitastjórnir Kaupþings, Glitnis og Landsbankans, um stöðu og uppgjör

gjaldmiðlavarnasamninga lífeyrissjóðanna, hafa staðið yfir með hléum allt frá bankahruni. Í júlí 2011 var samið við skilanefnd Landsbankans um uppgjör og skuldajöfnun á afleiðusamningum. Í lok apríl 2012 tókst hliðstætt samkomulag 12 lífeyrissjóða og slitastjórnar Glitnis. Þrír lífeyrissjóðir, sem komu að þessum viðskiptum við Glitni, eru ekki aðilar að samkomulaginu. Í samkomulaginu við Glitni eru undanskyldar ágreiningskröfur er varða vikjandi og höfuðstólstryggð skuldabréf þar sem lífeyrissjóðirnir gera kröfur á Glitni. Samkomulag náðist um að vísa þeim ágreiningi til úrlausnar dómstóla. Undanfarna mánuði hafa staðið yfir viðræður lífeyrissjóða og slitastjórnar Kaupþings. Vonandi næst þar viðunandi niðurstaða, annars er viðbúið að útkljá þurfi málin fyrir dómstólum.

Stjórn og varastjórn LL samþykktu á fundi sínum 24. júní 2010 að skipa þriggja manna nefnd óháðra, óvilhallra og hæfra einstaklinga til að gera úttekt á fjárfestingastefnu, ákvarðanatöku og lagalegu umhverfi lífeyrissjóðanna í aðdraganda bankahrunsins haustið 2008. Stjórn LL fól ríkissáttasemjara að tilnefna fulltrúa í úttektarnefndina og tók hún til starfa haustið 2010. Nefndin skilaði skýrslu í fjórum bindum 3. febrúar 2012, alls tæplega 800 bls. Meginniðurstaða hennar er að eignarýrning sjóðanna frá 1. janúar 2008 til ársloka 2010 hafi alls numið sem svarar 28% af heildareignum sjóðanna. Landssamtök lífeyrissjóða gerðu þá athugasemd að réttara hefði verið hjá nefndinni að miða eignarýrning sjóðanna, af völdum banka- og efnahagshrunsins, við lok september 2008 en við það lækkar eignarýrning sjóðanna í 22%. Nefndin lagði m.a. til að lög um lífeyrissjóði verði endurskoðuð, einkum ákvæði um fjárfestingarstefnu sjóðanna.

Stjórnir lífeyrissjóða hafa fjallað um úttektarskýrsluna á sjóðfélaga- og ársfundum. Unnið er að því að bregðast við þeim ábendingum og athugasemdum sem varða heildina og viðkomandi sjóði.

Arnar Sigurmundsson




## HLUTVERK LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

### Hlutverk Landssamtaka lífeyrissjóða er að

- gæta í hvívetna hagsmunum sjóðfélaga þeirra lífeyrissjóða, sem aðild eiga að samtökunum.
- vera málsvari lífeyrissjóðanna í þeim málum, sem varða heildarhagsmunum þeirra og koma á framfæri sjónarmiðum samtakanna við stjórnvöld og aðra aðila í öllum meiriháttar málum sem varðað geta sameiginlega hagsmunum aðildarsjóðanna.
- hafa frumkvæði í almennt umræðu um málefni sjóðanna og um lífeyrismál og stuðla að jákvæðri mynd þeirra.
- vinna að útgáfu- og fræðslumálum lífeyrissjóða svo sem með námskeiðum og fræðslufundum, skýrslugerð og annarri þjónustu við lífeyrissjóði og sjóðfélaga.
- stuðla að hagræðingu og þróun í starfi aðildarsjóðanna.
- fylgjast með þróun lífeyrismála erlendis og taka þátt í alþjóðlegu samstarfi lífeyrissjóðasamtaka.
- vinna að sérgreindum verkefnum fyrir einstaka lífeyrissjóði innan samtakanna, samkvæmt nánari ákvörðun stjórnar samtakanna, enda standi slík starfsemi fjárhagslega undir sér og sé samrýmanleg markmiðum þess og tilgangi.

Eignir lífeyrissjóðanna 2008 til 2012 (mars)





## STJÓRN OG FRAMKVÆMDASTJÓRI SAMTAKANNA

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða er skipuð átta aðalmönnum og átta varamönnum. Kjörtímabil aðalmanna er tvö ár og skal árlega kjósa helming stjórnarmanna og alla varamennina. Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum. Stjórn samtakanna er þannig skipuð:

Arnar Sigurmundsson formaður  
Haukur Hafsteinsson varaformaður  
Friðbert Traustason  
Guðrún Guðmannsdóttir  
Gunnar Baldvinsson  
Helgi Magnússon  
Sigurður Bessason  
Þorbjörn Guðmundsson

Varastjórnin er þannig skipuð:

Arnaldur Loftsson  
Auður Finnbogadóttir  
Björn Snæbjörnsson  
Elsa B. Friðfinnsdóttir  
Jón G. Kristjánsson  
Ólafur Sigurðsson  
Sigrún Helga Einarsdóttir  
Sigurbjörn Sigurbjörnsson.

Á kjörtímabili stjórnarinnar voru haldnir alls 17 fundir. Stjórnin ber ábyrgð á starfsemi LL samkvæmt ákvæðum samþykktu samtakanna.

Þann 1. ágúst 2011 tók nýr framkvæmdastjóri, Þórey S. Þórðardóttir, við af Hrafn Magnússyni sem gegnt hafði starfinu allt frá stofnun samtakanna. Hrafn var afar farsæll í starfi og eru honum færðar bestu þakkir fyrir afburðar vel unnin störf í þágu landssamtakanna.



Efri röð frá vinstri: Friðbert Traustason, Þorbjörn Guðmundsson, Haukur Hafsteinsson varaformaður, Helgi Magnússon, Sigurður Bessason og Gunnar Baldvinsson.

Neðri röð frá vinstri: Auður Finnbogadóttir varamaður, Arnar Sigurmundsson formaður og Þórey S. Þórðardóttir framkvæmdastjóri.

Á myndina vantar Guðrúnu Guðmannsdóttur.

## AÐALFUNDUR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Aðalfundur Landssamtaka Lífeyrissjóða var haldinn á Grand Hóтели Reykjavík 24. maí 2011. Elín Björg Jónsdóttir stjórnari fundi og fundarritari var Valgarður Sverrisson.

Tveir gestir fluttu erindi áður en kom að hinum eiginlegu aðalfundarstörfum, Páll Harðarson, forstjóri Kauphallar Íslands, og Friðrik Már Baldursson, forseti viðskipta-deildar Háskólans í Reykjavík.

### Ávörp gestanna

**Páll Harðarson** fjallaði um hvort hægt væri að tryggja vöxt og viðgang verðbréfamarkaðar á næstu árum og velti fyrir sér þýðingu og aðkomu Lífeyrissjóða að innlendum verðbréfamarkaði. Hann sagði hlutabréfamarkaðinn vera í sárum og nauðsynlegt að auka umsvif í efnahagslífinu til að koma markaði með hlutabréf á skrið. Hann taldi að hlutabréfamarkaðurinn þyrfti að fjór- til fimmfaldast og hlutabréfaviðskipti að sjö- til tífaldast. Nú væru kjöraðstæður fyrir kröftugan hagvöxt því raungengi krónunnar væri lágt, hagstæð verðþróun á erlendum mörkuðum og lágir vextir.

Páll taldi afar brýnt að huga að afnámi gjaldeyrishafta. Þá nefndi hann umbætur varðandi stjórnarhætti fyrirtækja og benti á samning aðila í febrúar 2012 um að bæta eftirfylgni fyrirtækja við leiðbeiningar um góða stjórnarhætti. Hann nefndi „hluthafamenninguna“ og taldi að lífeyris-

sjóðir gætu gegnt þar lykilhlutverki. Einnig væri nauðsynlegt að koma á öflugum samstarfs- og umsagnarvettvangi fyrir hluthafa. Fjárfestar yrðu að láta sig það skipta hvernig fyrirtækin hegðuðu sér.

Páll sagði að fjárfesting í virkjunum gæti numið allt að 600 milljörðum króna á næstu 15 árum og því væri hægt að stuðla að því að kauphöllin yrði „orkukauphöll“. Nefndi hann að Statoil-líkanið norska gæti hentað hér á landi en þar er miðað við að 70% af orkufyrirtækjum séu í eigu ríkisins og 30% í eigu annarra aðila. Þá kom fram að fyrir 9 árum hefði Kauphöll Íslands verið næststærsta sjávarútvegskauphöll heims og allar forsendur væru fyrir því að gera sjávarútvegsfyrirtæki áberandi þar á nýjan leik.

**Friðrik Már Baldursson** fjallaði um mikilvægi þess að afnema gjaldeyrishöftin og sagði þau vera skaðleg og draga úr möguleikum til fjárfestinga. Skaðsemin fælist m.a. í því að aðilar leituðu eftir leiðum fram hjá höftunum til að hagnast. Margt mælti samt gegn því að afnema höftin strax, til dæmis biðu 465 milljarðar afgangskróna þess að komast út úr íslenska hagkerfinu. Gjalddeyriforðinn væri um 420 milljarðar króna og dygði skammt gagnvart hugsanlegu áhlaupi á krónuna. Þá gæti hratt útfærði valdið gifurlegu álagi á markaðinn.

Friðrik taldi að almennt séð ríkti jákvætt viðhorf erlendis gagnvart Íslandi. Helstu vandamálin hér tengdust miklum



Vestrahorn.

skuldum heimila og fyrirtækja, fjárfestingar væru í lágmarki og hagvöxtur léti á sér standa. Hann vék að áhrifum Icesave málsins og sagði neikvætt lánshæfismat hafa áhrif á möguleika á afnámi gjaldeyrishafta því það gæti orðið til þess að ríkið ætti í erfiðleikum með að fjármagna sig á erlendum mörkuðum. Betri heimtur úr búi Landsbankans ykju samt líkur á farsælli niðurstöðu. Hann lagði áherslu á mikilvægi þess að afnema höftin og sagði farsælast að taka fyrst smá skref og síðan ætti að hraða ferlinu strax og það yrði talið óhætt. Afnáam haftanna myndi einkum stuðla að því að endurheimta traust umheimsins.

### Viðburðaríkt ár 2011

Arnar Sigurmundsson, formaður LL flutti skýrslu stjórnar um starfsseminna á liðnu starfsári. Þar kom fram að árið 2010 hafi reynst mjög viðburðaríkt og að afleiðingar banka- og efnahagshrunsins haustið 2008 væru enn að koma fram með tilheyrandi afskriftum í eignasafni sjóðanna. Fyrsta árið þar sem áhrifa hrunsins mun gæta mjög lítið í afkomu sjóðanna yrði því að líkindum árið 2011.

Eftirfarandi efnisþættir voru meðal þess sem kom fram í skýrslu stjórnar:

- Eftir hrunið stendur eftir gjörbreytt efnahagshags- umhverfi, viðvarandi 7-8% atvinnuleysi, langvinn gjaldeyrishöft og takmarkaðir möguleikar lífeyris- sjóða til fjárfestingar. Jákvæðu tíðindin árið 2010 voru lág verðbólga, styrking krónunnar og umtals- verð vaxtalækkun.
- LL áætla að vegið meðaltal nafnávöxtunar sjóðanna hafi verið um 5,1% á árinu 2010 en verðbólga á sama tímabili var 2,6%. Að meðaltali var raunávöxtun því um 2,5%.
- Raunávöxtun sjóðanna 2010 var eðlilega nokkuð misjöfn eftir samsetningu og ávöxtun eignaflokka. Í banka- og efnahagshruninu árið 2008 var raunávöxt- un lífeyrissjóða neikvæð um 21,8% en jákvæð um tæplega 0,4% árið 2009.
- Heildareignir lífeyrissjóðanna voru áætlaðar af Seðla- banka Íslands 1.914 milljarðar króna í árslok 2010 en voru 1.774 milljarðar króna í árslok 2009 og höfðu því aukist um 140 milljarðar króna. Aukning heildar- eigna sjóðanna gefur ekki rétta mynd af ávöxtun sjóðanna því iðgjaldatekjur eru töluvert hærrí en líf- eyrisgreiðslur og útgreiðslur vegna viðbótarlífeyris- sparnaðar.
- Þrátt fyrir áframhaldandi afskriftir og varúðarfærslur skilaði stærstur hluti eigna sjóðanna góðri ávöxtun 2010. Samkvæmt samantekt Seðlabanka Íslands í lok mars 2011 námu heildareignir íslensku lífeyris- sjóðanna, samtryggingar- og séreignasjóða, samtals 1.965 milljörðum króna. Með sömu þróun á næstu mánuðum munu heildareignir lífeyrissjóðanna ná 2.000 milljörðum króna þegar kemur fram á haust 2011.
- Áætlað er að hreinar eignir íslensku lífeyrissjóð- anna hafi numið 125% af vergri landsframleiðslu í árslok 2010. Í árslok 2008 fór hlutfallið niður í 112% en komst hæst í 130% í árslok 2007. Árið 1999 var þetta sama hlutfall 82% hér á landi. Eingöngu tvö lönd voru með herra hlutfall eigna lífeyrissjóða í árslok 2010, Holland með 134% og Sviss með 126% af landsframleiðslu.
- Árleg langtímaávöxtun lífeyrissjóða þarf að nema 3,5% umfram innlenda verðbólgu til að þeir geti staðið undir lífeyrisskuldbindingum sínum. Afkoma síðustu fimm ára er langt undir þeirri viðmiðun og munar þar mest um mjög neikvæða afkomu árið 2008. Fimm ára meðaltal raunávöxtunar sjóðanna 2006–2010 var neikvætt um 2,4% en 10 ára meðaltal árána 2001–2010 var aftur á móti jákvætt um 1,6%.
- Áföllin eftir bankahrunið leiddu til þess að nokkrir líf- eyrissjóðir urðu að lækka lífeyrissréttindi og skerða lífeyrisgreiðslur. Þessir sömu sjóðir höfðu aukið réttindi sjóðfélaga umfram hækkun vísitölu þegar ávöxtun var hvað hæst á árunum 2003–2006. Frá september 2008 hefur vísitala fyrir lífeyrisgreiðslur sjóðanna hækkað um 18% en launavísitala hækkað um tæplega 10% á sama tímabili.
- Fjármálakreppa og gjaldeyrishöft hafa óhjálvæmi- lega leitt til mikilla breytinga á fjárfestingarstefnu lífeyrissjóða. Mikil aukning hefur orðið í hvers konar innlánsformum, skuldabréfum með ríkisábyrgð og sjóðfélagalánum. Í árslok 2010 námu innlendar eignir lífeyrissjóðanna rúmlega 75% af heildareign- um þeirra en erlendar eignir sjóðanna tæpum 25%. Í árslok 2009 voru þessi hlutföll 70% í innlendum eignum og 30% í erlendum eignum.
- Í lok maí 2010 keyptu 26 lífeyrissjóðir ríkisstryggð íbúðabréf af Seðlabanka Íslands fyrir 88 milljarða króna og greiddu fyrir þau í evrum með sölu á er- lendum eignum sínum. Skuldabréfin höfðu verið veðsett seðlabankanum í Lúxemborg og voru kaupin liður í því að flýta fyrir afnámi gjaldeyrishafta. Við- skiptin reyndust mjög hagkvæm fyrir sjóðina og bættu tryggingafræðilega stöðu þeirra um 1-2%.
- Af hálfu stjórnvalda var gripið til ýmissa ráðstafana til að bregðast við skuldum og vanskilum en ljóst var að betur mátti ef duga skyldi. Haustið 2010 var boðað til víðtæks samráðs stjórnvalda, fjármála- fyrirtækja, íbúðalánasjóðs og lífeyrissjóða um skulda- vanda heimilanna. Viðræðum þar að lútandi lauk

með undirritun viljayfirlýsingar þann 3. desember 2010 og henni fylgdu verklagsreglur um skilyrði fyrir niðurfellingu skulda.

- Samhliða viljayfirlýsingunni 3. desember var gengið frá samkomulagi lífeyrissjóða og stjórnvalda um að draga úr vixlverkun bóta almannatrygginga, örorkulífeyris lífeyrissjóðanna og um hækkun frítekjumarks ellilífeyrisþega í áföngum.
- Viðræður við skilanefndir föllnu viðskiptabankanna um stöðu og uppgjör gjaldmiðlavarnasamninga lífeyrissjóðanna hafa staðið yfir með hléum allt frá bankahruni. Fulltrúar sjóðanna lögðu upphaflega fram sáttaboð í ársbyrjun 2009 og miðuðu uppgjör við hina opinberu gengisvísitölu við fall bankanna í október 2008, 175, og skuldajöfnun með skuldaþréfum á bankana samhliða uppgjöri. Nú kann að sjást til lands í þessum viðræðum en áfram ríkir þó óvissa um hvort hægt verði að ljúka viðræðum með samningum eða hvort málin kunni að endi fyrir dómstólum.
- Á fundi lífeyrissjóða í lok mars 2011 var samþykkt að kanna hugsanlega aðkomu sjóðanna að eignarhaldi og/eða fjármögnun fyrirhugaðrar Hverahlíðarvirjunar. Eftir nokkur samskipti fulltrúa LL og Orkuveitu Reykjavíkur og síðar Norðuráls hafa fyrstu skrefin verið stigin og báðir aðilar samþykkt að taka upp könnunarviðræður. Þá hafa lífeyrissjóðir átt í viðræðum við Magma um kaup á 25% eignarhlut í HS Orku hf.
- Framtakssjóður Íslands slhf., sem upphaflega var stofnaður af 16 lífeyrissjóðum í desember 2009,

hefur ráðist í miklar fjárfestingar með hlutafjárkaupum í nokkrum stórum fyrirtækjum og er sjóðurinn nú stærsta fyrirtækjasamsteypa landsins.

Arnar Sigurmundsson greindi frá því í lok skýrslu sinnar að Hrafn Magnússon framkvæmdastjóri hygðist hætta um mitt ár 2011 eftir 36 ára farsælt starf fyrir lífeyrissjóðina. Starfið var auglýst og samþykkti stjórn LL einróma að ráða Þóreyju S. Þórðardóttur hæstaréttarlögmann í starf framkvæmdastjóra LL frá 1. ágúst 2011. Arnar bætti við: „Hrafn hefur með dugnaði og ósérhlífni markað söguna í öflugum samstarfi íslenskra lífeyrissjóða um langt árabil. Fyrir það framlag verður seint fullþakkað.“

### Stjórnarkjör

Hrafn Magnússon, framkvæmdastjóri LL, gerði grein fyrir ársreikningi samtakanna fyrir árið 2010 og var hann borinn undir atkvæði og samþykktur samhljóða.

Lögð var fram tillaga um kosningu í aðalstjórn og vara-stjórn. Eftirtaldir voru kjörnir sem aðalmenn til tveggja ára í stjórn: Gunnar Baldvinsson, Haukur Hafsteinsson, Helgi Magnússon, Sigurður Bessason. Varamenn til eins árs: Arnaldur Loftsson, Auður Finnbogadóttir, Björn Snæbjörnsson, Elsa B. Friðfinnsdóttir, Jón G. Kristjánsson, Ólafur Sigurðsson, Sigrún Helga Einarsdóttir og Sigurbjörn Sigurbjörnsson.

Tekin var ákvörðun um þóknun til aðalmanna og varamanna í stjórn og um árgjald til samtakanna. Sérstakt gjald var ákveðið vegna kostnaðar við úttektarnefnd LL og tilgreint var að á aðalfundi Eignarhaldfélags lífeyrissjóða hefði verið ákveðið að greiða hluta þessa kostnaðar.



Arnarfjörður.

## VINAFUNDUR TIL HEIÐURS HRAFNI

Haldið var málþing til heiðurs Hrafni Magnússyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra Landssamtaka lífeyrissjóða, 14. október 2010.

Arnar Sigurmundsson, formaður stjórnar LL, stýrði fundi og sagði m.a. í ræðu sinni:

„Sá sem hér mælir hefur þekkt Hrafn í liðlega aldarfjórðung og ber honum vel söguna. Einstakur maður í öllum samskiptum sem sannarlega á sinn þátt í þeirri öfluggu og mikilvægu starfsemi sem lífeyrissjóðirnir standa fyrir. Þetta kom best í ljós í hruninu og öllu því umróti sem því fylgdi.“

Dagskrá málþingsins var fjölbreytt og spunnust nokkrar umræður að loknum erindum. Már Guðmundsson seðlabankastjóri ræddi um íslenska lífeyrissjóðakerfið, styrkleika og veikleika þess í alþjóðlegum samanburði. Fram

kom í máli hans að Íslendingar mættu vera stoltir af sínu kerfi enda væri það með því besta sem þekktist í heiminum. Þá fjallaði Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri Landssamtaka lífeyrissjóða, um þróun löggjafar um lífeyrissjóðina og benti á að lífeyrisréttur væri verndaður í stjórnarskrá.

Í erindi Þorkels Sigurlaugssonar, formanns stjórnar Framtakssjóðs Íslands, kom fram að hann teldi eitt mikilvægasta hlutverk lífeyrissjóðanna og Framtakssjóðs vera það að koma hlutum á hreyfingu með fjárfestingum í atvinnulífni. Í þeim efnum væru margir áhugaverðir kostir í boði. Að lokum fjallaði Ásmundur Stefánsson hagfræðingur um stöðu aldraðra. Hann hélt því m.a. fram að stjórnvöld ynnu nú gegn séreignarsparnaði. Eitt brýnasta verkefni lífeyrissjóðanna væri að halda vöku sinni og verja réttindi sjóðfélaga, einkum þeirra sem væru með lægstu launin.



**Hrafni var kvaddur með virktum á samkomunni sem LL héldu honum til heiðurs.**

*Frá vinstri: Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, Hrafn Magnússon heiðursvinur, Kristín Erlingsdóttir, eiginkona Hrafns og Arnar Sigurmundsson stjórnarformaður LL.*

## STARFSHÓPAR LL

Stjórn LL hefur sett á laggir nokkra starfshópa til að vinna að tilteknum málum sem varða starfsumhverfi og starfsemi lífeyrissjóða. Hér má einkum nefna eigna- og áhættustýringarhóp, fræðsluhóp, húsnæðishóp, Hverahlíðavirkjunarhóp, réttindahóp, samskiptahóp, skilmálahóp og viðbragðshóp. Hér verður stuttlega gerð grein fyrir störfum hópanna.

### Eigna- og áhættustýringarhópur LL

Hrunið á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum hefur leitt til málefnalegrar umræðu á vettvangi LL um mikilvægi þess að greina fjárfestingar og tengda áhættu. Afar brýnt er að tryggja að fram fari málefnaleg og gagnrýnin umræða um góðar venjur í eigna- og áhættustýringu.

Stjórn LL skipaði starfshóp í apríl 2010, einkum til að fjalla um og greina góðar venjur í eigna- og áhættustýringu lífeyrissjóða. Hefur sá hópur átt fjölmarga fundi um málefnið.

Starfshópurinn skipa Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stafa lífeyrissjóðs, formaður, Baldur Þór Vilhjálmsson, forstöðumaður eignastýringar LSR, Helga Indriðadóttir, sjóðstjóri eignastýringar Almenna lífeyrissjóðsins,

Kári Arnór Kárason, framkvæmdastjóri Stapa lífeyrissjóðs, Marinó Örn Tryggvason, forstöðumaður eignastýringar fjárfesta Arion banka, Davíð Rúdólfsson, forstöðumaður eignastýringar Gildis og Tómas Njáll Möller, lögfræðingur Lífeyrissjóðs verzlunarmanna.

Meðal fyrstu verkefna hópsins var að skrifa leiðarvísi fyrir stjórnir, stjórnendur og starfsmenn lífeyrissjóða til að hafa til hliðsjónar í starfseminni. Í desember 2010 skilaði hópurinn vandaðri skýrslu sem ber yfirskriftina „Góðar venjur í eigna- og áhættustýringu“. Hún er aðgengileg á vef LL, [www.ll.is](http://www.ll.is).

Á síðasta starfsári átti hópurinn nokkur samskipti við fulltrúa Fjármálaeftirlitsins (FME) vegna leiðbeinandi tilmæla FME um áhættustýringu hjá lífeyrissjóðum. Þar kom fljótlega fram að lagagrundvöllur tilmæla sé ekki eins skýr og æskilegt var. Hópurinn kom þessum vanköntum á framfæri við fjármálaráðuneytið og var lagagrundvöllurinn styrktur í kjölfarið. Í tilmælum FME um áhættustýringu lífeyrissjóða er gert ráð fyrir aðlögunartíma og endurskoðun tilmæla. Í vinnu hópsins, einkum er varðar áhættustýringu sjóðanna, hefur verið unnið náið með FME en æskilegt er að lífeyrissjóðirnir hafi færi á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri til að tryggja sem



Dynjandi.

bestan afrakstur. Hópurinn vinnur nú í samvinnu við fulltrúa FME að endurskoðun tilmælanna og hyggst í kjölfarið standa að kynningu og umfjöllun um þennan mikilvæga málaflökk. FME vinnur nú að endurskoðun á reglum um endurskoðunardeildir og sjálfstætt starfandi eftirlitsaðila lífeyrissjóða. Hópurinn mun fjalla um þær breytingar samhliða umfjöllun um áhættustýringu.

Þá hefur hópurinn haft það hlutverk að endurskoða fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða sem unnið er að samhliða umfjöllun um einstök tilmæli er varða fjárfestingar lífeyrissjóða.

### Fræðsluhópur LL

Mikilvægt er að huga markvisst að fræðslu- og kynningarmálum um lífeyriskerfið. Starfandi er fræðslunefnd sem mótar stefnu í kynningarmálum, gagnvart almenningi og starfsmönnum lífeyrissjóðanna.

Starfshópurinn skipa Gunnar Baldvinsson, framkvæmdastjóri Almenna lífeyrissjóðsins, formaður, Arnaldur Loftsson, framkvæmdastjóri Frjálsa lífeyrissjóðsins, Guðrún Guðmannsdóttir, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs Vestfirðinga, Jón G. Kristjánsson, framkvæmdastjóri LSS og Kristján Örn Sigurðsson, framkvæmdastjóri Sameinaða lífeyrissjóðsins.

Eitt stærsta verkefni hópsins á starfsárinu hefur verið að vinna að réttindabók lífeyrissjóða en með henni verður unnt að nálgast upplýsingar á einum stað um ellilífeyrisréttindi í öllum innlendum lífeyrissjóðum. Réttindabókin verður aðgengileg á fræðslusíðu LL, [www.gottadvita.is](http://www.gottadvita.is), og er stefnt að því að opna hana á haustmánuðum. Ætlunin er að auka á hagræði sjóðfélaga, sem geta nálgast upplýsingar á einum stað, auk þess sem ætla má að fyrirspurnum um réttindi til allra undirliggjandi sjóða fækki. Sjóðfélagar munu skrá sig inn í réttindabókina með veflykli RSK.

Réttindahópurinn fundaði í nokkur skipti á starfsárinu og efndi meðal annars til morgunverðarfundar um starfshæfnismat í september 2011. Tilgangurinn var einkum sá að ræða um samstarf VIRK og lífeyrissjóðanna um starfshæfnismat. Farið var yfir helstu þætti í starfshæfnismati og rakin dæmi um hvernig þau væru unnin og nýtt. Á fundinum mátti glöggst skynja að mikill vilji væri fyrir því að auka samvinnu lífeyrissjóðanna og VIRK.

### Nokkrir fræðslufundir

Þegar hefur verið minnst á ýmsa fundi og erindi sem LL hefur staðið fyrir en hér eru að auki tilgreindir nokkrir fundir sem LL hefur komið að með einum eða öðrum hætti.

Haldin var ráðstefna um fjármálalæsi í september 2011 á vegum Stofnunar um fjármálalæsi. LL styrkti verkefnið og þar var fjöldi fyrirlesara, þar á meðal Þórey S. Þórðar-

dóttir, framkvæmdastjóri LL, sem fjallaði um „lífeyrissparnað – fyrirhyggju til efri ára“.

Að frumkvæði LL var haldinn fundur á vegum Félags íslenskra tryggingastærðfræðinga, í október 2011, um áhrif breytinga á tryggingafræðilegum forsendum á líftryggingar og lífeyrissjóði. Bart Kling, tryggingastærðfræðingur hjá Kling, Risk and Finance í Hollandi, ræddi þar um uppbyggingu hollenska lífeyriskerfisins og Helgi Bjarnason, tryggingastærðfræðingur hjá Arion Banka, rakti áhrif þess að líftöflur yrðu miðaðar við spár um framtíðarlífslíkur en ekki fortíðina. Þá fjallaði Helgi Þórsson, tryggingastærðfræðingur hjá TM, um áhrif niðurstöðu Evrópuðómstólsins um að sömu iðgjöld skuli taka í tryggingum óháð kynferði.

Í desember 2011 varð sú breyting gerð að framlag launþega í viðbótarlífeyrissparnað var lækkað úr 4% í 2%. Áformum stjórnvalda var víða mótmælt og af því tilefni hélt VÍB hádegisfund í október um áhrif fyrirhugaðra lagabreytinga á lífeyrissparnað. Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL, gerði á fundinum grein fyrir helstu áhrifum breytinganna ásamt Lárusi Páli Pálssyni hjá Lífeyrisþjónustu VÍB.

Kynningarfundur var haldinn fyrir lífeyrissjóði á vegum Viðskiptaráðs Íslands og Rannsóknarmiðstöðvar í stjórnarháttum við Háskóla Íslands, í janúar 2012.

Finnur Oddsson, framkvæmdastjóri Viðskiptaráðs flutti erindi „Hvernig geta lífeyrissjóðir látið góða stjórnarhætti skipta máli?“ og Eyþór Ívar Jónsson, forstöðumaður Rannsóknarmiðstöðvar um stjórnarhætti við HÍ, ræddi um hlutverk rannsóknarmiðstöðvarinnar og aðkomu lífeyrissjóða.

Efnt var til morgunverðarfundar um arðgreiðslustefnu fyrirtækja í janúar 2012. Auk LL stóðu að fundinum Samtök fjárfesta og NASDAQ OMX kauphöllin á Íslandi. Á fundinum var reynt að nálgast svör við spurningum um hvort til væri arðs Stefna og hvernig fjárfestar endurheimtu framlag sitt til hlutabréfakaupa. Frummælendur voru Vilhjálmur Bjarnason, framkvæmdastjóri Samtaka fjárfesta, Páll Harðarson, forstjóri NASDAQ OMX kauphallarinnar á Íslandi og Ólafur Sigurðsson, framkvæmdastjóri Stafa lífeyrissjóðs.

Á heimasíðu LL, [www.ll.is](http://www.ll.is) eru glærur frá ofangreindum kynningarfundum aðgengilegar.

### Húsnæðishópur

LL undirrituðu viljayfirlýsingu um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna 3. desember 2010, ásamt fulltrúum stjórnvalda og fjármálafyrirtækja. Þar var ákvæði um að lánveitendur, þ.á m. lífeyrissjóðir, myndu vinna með ríki, sveitarfélögum og félagsamtökum við að koma á fót fjölbreyttum húsnæðislausnum í samræmi við niðurstöður nefndar sem ráðherra skipaði til að fjalla um þau mál.

LL skipuðu í kjölfarið nefnd til að kanna mögulega fjárfestingu lífeyrissjóða í íbúðarhúsnæði til útleigu. Í henni

sitja Þorbjörn Guðmundsson formaður, Elsa B. Friðfinnsdóttir, Friðbert Traustason, Gunnar Baldvinsson og Ólafur Sigurðsson. Starfsmaður nefndarinnar er Stefán Halldórsson. Framkvæmdastjóri LL hefur starfað með nefndinni, Hrafn Magnússon til 1. ágúst 2011 og síðan Þórey S. Þórðardóttir.

Nefndin hefur haldið fjölmarga fundi til að fjalla um einstaka þætti málsins og starfsmaður hennar ræddi við fjölda aðila sem koma að húsnæðismálum með ýmsum hætti, s.s. með útleigu húsnæðis, í byggingariðnaði, í velferðarráðuneytinu, í skipulagsmálum Reykjavíkurborgar og við greiningu og ráðgjöf af ýmsum toga. Þá var rætt við stjórnendur þriggja danskra lífeyrissjóða um reynslu þeirra af byggingu og útleigu íbúða.

Landssamtökin efndu til fundar um húsnæðismál 9. júní 2011. Þar fjallaði Guðbjartur Hannesson velferðarráðherra um skýrslu samráðshóps um húsnæðisstefnu og Stefán Halldórsson gerði grein fyrir athugun nefndarinnar á hugsanlegum fjárfestingum lífeyrissjóða í íbúðarhúsnæði til útleigu.

Nefndin hélt rýnifund 19. október 2011 með fjölda sérfræðinga um húsnæðismál og fjárfestingar til að fara yfir þær hugmyndir sem hafa verið til skoðunar, forsendur, kosti og veikleika.

Í nóvember 2011 skilaði nefndin áfangaskýrslu sem lýsir helstu forsendum fyrir því að slíkar fjárfestingar verði vænlegur kostur og dregur fram þau atriði sem ósvarað er, einkum af hálfu stjórnvalda, ríkis og Reykjavíkurborgar.

Í kjölfarið hefur nefndin átt fundi með velferðarráðherra og nokkrum starfshópum ráðuneytisins um ýmsar hliðar húsnæðismála, svo og með fulltrúum Reykjavíkurborgar um verkefni þeirra á þessu sviði.

### **Hverahlíðarvirkjunarhópur**

Starfshópur var skipaður 10. maí 2011 til að kanna mögulega aðkomu lífeyrissjóða að fjármögnun og rekstri Hverahlíðarvirkjunar.

Formaður hans er Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda, en í honum eru einnig Auður Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri Lsj. verkfræðinga, Guðrún Inga Ingólfssdóttir, hjá eignastýringasviði Gildis, Helgi Magnússon stjórnarformaður Lsj. verzlunarmanna, Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri Almenna lífeyrissjóðsins og Þórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri LL. Síðar bættist í hópinn Guðmundur Þórhallsson, framkvæmdarstjóri Lsj. verzlunarmanna.

Hópurinn hélt sinn fyrsta fund með Orkuveitunni og Norðuráli 18. maí 2011 og fundirnir urðu samtals 9 á tímabilinu 18. maí – 1. júlí 2011, ýmist með fulltrúum Orkuveitunnar einum eða með fulltrúum Orkuveitunnar og Norðuráls sameiginlega. Yfirferð hópsins var nokkuð víðtæk en

ekki voru kallaðir til ráðgjafar eða lagt í annan útlagðan kostnað. Niðurstaða starfshópsins var sú að aðkoma lífeyrissjóða að fjármögnun og rekstri Hverahlíðarvirkjunar væri áhugaverð en til þyrftu að koma breytingar á forsendum svo hún gæti orðið að veruleika. Orkuveitan og Norðurál fengu KPMG til þess að vinna með sér til að leita leiða og þoka málinu áfram. KPMG lagði fram hugmyndir og tillögur sem aðilar hafa síðan fjallað um. Í apríl 2012 veitti stjórn Orkuveitunnar forstjóra félagsins formlega heimild til að ræða við lífeyrissjóðina um aðkomu þeirra að fjármögnun og rekstri Hverahlíðarvirkjunar. Starfshópurinn hefur fjallað um hugmyndir KPMG og metur þær sem áhugavert innlegg í framhald málsins. Viðræður munu því að líkindum hefjast af krafti á vordögum og er það von starfshópsins að niðurstaða geti legið fyrir seinni hluta ársins 2012 eða í ársbyrjun 2013.

### **Samskiptahópur**

Sérstakur starfshópur hefur með höndum að skipuleggja og annast samskipti við fjölmiðla og stjórnvöld.

Hópurinn skipa: Arnar Sigurmundsson formaður, Árni Guðmundsson, Guðmundur Þórhallsson, Gunnar Baldvinsson, Haukur Hafsteinsson, Helgi Magnússon og Sigurður Bessason.

Aðilar hafa fundað reglulega og átt farsælt samstarf við almannatengslafyrirtækið Athygli. Meðal verkefna á árinu var að hanna auglýsingu með nokkrum staðreyndum um lífeyrissjóðakerfið sem birt var í nokkrum dagblöðum í febrúar 2012.

### **Skilmálahópur LL**

Settur var á stofn vinnuhópur til að yfirfara almenna skilmála fyrir viðskipti með fjármálagerninga milli lífeyrissjóða og fjármálafyrirtækja. Verkefni hópsins er einkum að koma með tillögur um hvað betur megji fara og hvaða kröfur lífeyrissjóðir eigi að lágmarki að gera til slíkra skilmála.

Jafnframt mun hópurinn fara yfir og kanna ítarlega hvað betur skuli fara og hvernig unnt sé að varast brotalamir í útgáfu fyrirtækjaskuldabréfa.

Hópurinn skipa Kristjana Sigurðardóttir, fjárfestingarstjóri Almenna lífeyrissjóðsins, formaður, Anna María Ágústsdóttir, hjá eignastýringu Lífeyrissjóðs verzlunarmanna, Auður Finnbogadóttir, framkvæmdastjóri lífeyrissjóðs verkfræðinga, Guðrún Inga Ingólfssdóttir, hjá eignastýringu Gildis og Elísabet Þórey Þórisdóttir, lögfræðingur hjá LSR. Framkvæmdastjóri LL hefur starfað með nefndinni og auk þess var leitað til Aðalsteins Jónassonar hrl. um afmörkuð verkefni málinu tengdu.

### **Viðbragðshópur LL**

Í maí 2010 var settur á laggir vinnuhópur sem einkum



var falið það verkefni að fara yfir þá þætti í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis sem varða lífeyrissjóðina og þá sérstaklega gjaldmiðlavarnasamninga sjóðanna við viðskiptabankana þrjá. Jafnframt að kanna lögmæti og riftun slíkra samninga í samráði við lögmenn.

Í hópinn voru skipuð Stefán Árni Auðólfsson, þáverandi lögfræðingur hjá LSR, formaður, Tómas N. Möller, lögfræðingur hjá Lífeyrissjóði verzlunarmanna, Helga Indriðadóttir, sjóðstjóri hjá Almenna lífeyrissjóðnum, og Davíð Rúðólfsson, forstöðumaður eignastýringar hjá Gildi lífeyrissjóði.

Megináherslan í starfi vinnuhópsins var úttekt á stöðu og gildi gjaldmiðlavarnasamninga lífeyrissjóða í uppgjörum við viðskiptabankana. Hópurinn tók jafnframt saman stutt yfirlit yfir helstu kafla í skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis (SRNA) sem lúta að lífeyrissjóðunum með einum eða öðrum hætti. Einnig var tekið til skoðunar hver réttarstaða fjárfesta væri gagnvart útgefendum verðbréfa þegar slík atvik koma upp sem lýst er í SRNA.

Viðbragðshópurinn hélt samtals 25 fundi frá skipun til skýrsluskila í nóvember 2011. Hann taldi fljótlega sýnt að framangreind verkefni hópsins yrðu ekki unnin án utanaðkomandi aðstoðar og var því leitað til sérfræðinga.

Með skýrslu viðbragðshópsins, sem skilað var til stjórnar LL, voru þrjár grunnskýrslur sem hópurinn lét vinna. ALM Fjármálaráðgjöf hf. vann skýrslu um gjaldmiðlavarnasamninga lífeyrissjóðanna. Þeirri skýrslu var skilað veturinn 2010 og hún kynnt fulltrúum lífeyrissjóðanna á sérstökum fundi í nóvember það ár. Lögmennstofunum Forum og Advocatus var samhliða falið að vinna í samstarfi við ALM Fjármálaráðgjöf hf. lögfræðilegt mat á gildi og mögulegu uppgjöri gjaldmiðlavarnasamninga lífeyrissjóða við bankana. Fram fór kynning með forsvarsmönnum lífeyrissjóða í febrúar 2011 en þessari skýrslu var ætlað að nýtast sem stoðgagn við uppgjör lífeyrissjóðanna á gjaldmiðlavarnasamningum við föllnu bankana. Lagastofnun Háskóla Íslands skilaði álitargerð um skaðabótaskyldu stjórnenda hlutafélaga gagnvart þriðja manni 27. október 2011. Skýrslan var unnin af Stefáni Má Stefánssyni prófessor og Eyvindi G. Gunnarssyni dósent. Þeir kynntu fulltrúum lífeyrissjóða helstu niðurstöður sínar í desember 2011.

#### **Réttindahópur LL**

Verkefni réttindahópsins tengjast réttindavörslu fyrir sjóðfélagana í afar víðu samhengi. Það er til að mynda



Fljótshlíð.

gert með því að standa vörð um og yfirfara, breytingar á lögum og reglum er við koma lífeyrissjóðunum. Hér reynir bæði á breytingar á réttindum og öðru sem áhrif kann að hafa á tryggingafræðilegt uppgjör sjóðanna. Hópurinn hefur einnig það stóra og mikilvæga verkefni að beita sér fyrir stefnumörkun um framtíðarskipan er við kemur verkaskiptingu Tryggingastofnunar ríkisins annars vegar og lífeyrissjóðanna hins vegar við greiðslu örorkulífeyris.

Starfshópurinn skipa Þorbjörn Guðmundsson, stjórnarmaður Sameinaða lífeyrissjóðsins og LL, Friðbert Traustason, formaður SÍB, Gylfi Jónasson, framkvæmdastjóri Festu lífeyrissjóðs, Ólafur K. Ólafsson, framkvæmdastjóri Lífeyrissjóðs bænda, Sigríður Ómarsdóttir, skrifstofustjóri Almenna lífeyrissjóðsins, Sigurbjörn Sigurbjörnsson, framkvæmdastjóri Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda og Vala Rebekka Þorsteinsdóttir, lögfræðingur hjá LSR.

Á borð réttindahópsins koma mörg og afar fjölbreytt verkefni. Því hefur hópurinn haldið fjölda funda á starfsárinu og komið reglulega saman, aðra hverja viku. Eitt stærsta verkefni vinnuhópsins hefur verið að kanna ávöxtunarviðmið lífeyrissjóða, sem nú er 3,5%, og hvort þar sé þörf breytinga. Einnig fjallar hann um verðtrygginguna í víðu samhengi. Fyrirtækið Analytica var fengið til að vinna að málinu og það hélt sameiginlega kynningu fyrir réttindahópinum og stjórn LL um ávöxtunarviðmið lífeyrissjóða með áherslu á samanburð íslenska kerfisins við framkvæmdina í nokkrum samanburðarríkjum.

Í janúar var haldinn afar fjölmennur vinnufundur um viðfangsefnið á Hótel Selfossi, með yfirskriftinni „Þarf að breyta vaxtaviðmiði lífeyrissjóða? Á lífeyrir að vera verðtrygður?“ Fingnir voru utanaðkomandi sérfræðingar til

að flytja erindi; Benedikt Jóhannesson frá Talnakönnun með erindið „betri bíla, lægri vexti, eldra viskí, meiri pening“ og Yngvi Harðarson frá Analyticum „raunhæf ávöxtunarviðmið lífeyrissjóða, aðstæður og alþjóðlegt samhengi“. Á fundinn mætti einnig Þorgeir Eyjólfsson, sem nú starfar fyrir Seðlabanka Íslands og gerði grein fyrir áætlunum er varða afnám gjaldeyrishafta.

Í mars 2012 var síðan framhaldsvinnufundur um verðtryggingu og vaxtaviðmið lífeyrissjóða en þá einkum með áherslu á að fá fram sjónarmið þeirra sem að baki sjóðunum standa. Bjarni Guðmundsson tryggingastærðfræðingur var með afar áhugavert innlegg á fundinum um „nokkur viðfangsefni lífeyrissjóða“.

Málið hefur því ítarlega verið rannsakað frá mörgum hliðum. Í afar stuttu máli má með réttu halda því fram að niðurstaðan sé sú að einhugur ríki um að við núverandi óvissuáðstæður sé ekki réttur tími til breytinga. Betra sé að doka við og sjá hvernig málin muni þróast

#### **Mikilvægt að auka samstarf við VIRK**

Eitt af verkefnum réttindahópsins var að fylgjast með og koma að vinnu við samningu frumvarps um starfsendurhæfingarsjóði. Ráðherra velferðarmála og ráðherra lífeyrismála bar að skipa samráðsnefnd aðila vinnumarkaðarins, stjórnvalda og LL til að koma með nánari tillögur um skipulag og samhæfingu starfsendurhæfingarmála, þar sem miðað yrði við jafna kostnaðarskiptingu í þrjá hluta. Nefndinni bar jafnframt að leggja fram tillögur að skýrum lagamma eða umgjörð starfsendurhæfingarsjóðs. Á vegum LL komu að þessari vinnu framkvæmdastjóri LL og Vala Rebekka Þorsteinsdóttir. Frumvarpið hefur nú verið lagt fyrir Alþingi til afgreiðslu. Við þessa vinnu lögðu LL einkum áherslu á að tryggt væri eftirlit með starfsemi, ekki kæmi til skerðingar á lífeyrisgreiðslum vegna tryggingafræðilegrar stöðu sjóðanna og aðkoma lífeyrissjóðanna væri tryggð, enda ráð fyrir því gert að þeir stæðu undir stórum hluta kostnaðar. LL telur að með frumvarpinu og síðari breytingum, sem gerðar voru á skipulagsskrá VIRK starfsendurhæfingarsjóðs, hafi þessum markmiðum verið náð. LL telja afar mikilvægt að lífeyrissjóðirnir kynni sér starfsemi VIRK og að samstarf við þá aukist. Ef vel tekst til má ætla að starfsemi verði öllu samfélaginu til heilla.

Fjöldi annarra mála hefur verið á borði réttindahópsins og eru þau mislangt á veg komin. Þar má sem dæmi nefna athugun á verkaskiptingu lífeyrissjóða og Tryggingastofnunar við lífeyrisgreiðslur, hvort rétt sé að samræma skilgreiningu á makahugtakinu í samtryggingu annars vegar og séreign hins vegar og hvort þörf sé fyrir samræmda reglugerð um skiptingu ellilífeyrisréttinda milli sjóðfélaga og maka.



Jökulsárlón.

## ÚTTEKTARNEFND LL

Þann 3. febrúar 2011 lauk verki þriggja manna nefndar sem gerði úttekt á fjárfestingarstefnu, ákvörðunum og lagalegu umhverfi lífeyrissjóða í aðdraganda efnahags-hrunsins á Íslandi í október 2008. Afraksturinn var kynntur á fréttamannafundi á Grandhótelu í Reykjavík í yfir 800 blaðsíðna skýrslu í fjórum bindum.

Starf nefndarinnar má rekja til þess að stjórn og vara-stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða samþykktu 24. júní 2010 að óska eftir því við Magnús Pétursson ríkissáttasemjara að hann skipaði þriggja manna nefnd „óháðra, óvilhallra og hæfra einstaklinga“ til að fjalla um fjárfestingarstefnu, ákvarðanir og lagaumhverfi sjóðanna fyrir hrunið. Í fram-haldinu skipaði Magnús þrjá menn í úttektarnefndina: Hrafn Bragason, lögfræðing og fyrrverandi hæstaréttar-dómara, sem jafnframt varð formaður nefndarinnar, Guðmund Heiðar Frímansson, siðfræðing og prófessor við Háskólann á Akureyri, og Héðin Eyjólfsson viðskipta-fræðing.

Úttektarnefndin réð í upphafi tvo sérhæfða starfsmenn að verkefninu og síðar bættist sá þriðji við. Nefndarmenn ræddu við fjölda stjórnarmanna, stjórnenda og annarra starfsmanna lífeyrissjóða, kölluðu eftir upplýsingum og könnuðu gögn af ýmsu tagi.

Á stjórnarfundu LL þann 28. febrúar 2012 var skýrsla úttektarnefndarinnar til sérstakrar umræðu. Stjórnin taldi brýnt að fara yfir skýrsluna með yfirvegun og meta þau efnisatriði sem fram komu í skýrslunni til þess að unnt væri að læra af þeim.



LL leitaði til allra lífeyris-sjóðanna með fyrirspurn um hvernig þeir hafi brugðist við útgáfu skýrslunnar í viðu samhengi, þ.e. hvernig skýrslan hafi verið kynnt, hvort gripið hafi verið til einhverra aðgerða, hverju skýrslan hafi breytt o.s.frv. Af svörum sem bárust LL mátti sjá að sjóðirnir höfðu brugð-ist við með áþekktum hætti. Stjórnir sjóðanna höfðu án undantekninga fjallað ítarlega um skýrsluna og megin-niðurstöður voru ræddar á sjóðfélagafundum, einkum hjá stærri lífeyrissjóðunum. Einnig hefur á ársfundum sjóð-anna verið rakið hvernig viðkomandi sjóður hefur brugð-ist við. Í nokkrum tilvikum hefur verið leitað eftir utanað-komandi sérfræðiaðstoð, einkum ef vafi hefur leikið á um einstakar fjárfestingar. Einnig kom fram að sjóðirnir hafa gripið til ýmissa fyrirbyggjandi aðgerða á liðnum miss-erum í kjölfar efnahagshrunsins haustið 2008.

Stjórn LL ákvað að halda sérstakan vinnufund um út-tektarskýrsluna þar sem hún yrði krufin og afstaða tekin um það í hvaða farveg málin skyldu sett.

## GJALDMIÐLAVARNARSAMNINGAR LÍFEYRISSJÓÐA

Allt frá bankahruninu haustið 2008 hafa átt sér stað við-ræður við skilaneindir gömlu bankanna um skuldaupp-gjör í tengslum við gjaldmiðlavarnasamninga sem gerðir voru til að draga úr gengisáhættu í eignasöfnum lífeyris-sjóðanna. Gengið var frá rammisamkomulagi við Lands-bankann í júlí 2011 og nú á vormánuðum 2012 náðist

samkomulag Glitnis og tólf lífeyrissjóða um skuldaupp-gjör. Mikilvægt þykir að óvissu sé eytt varðandi eignir og skuldir aðila. Viðræður við slitastjórn Kaupþings standa enn yfir.

## ERLENT SAMSTARF


Eitt af verkefnum Landssamtaka lífeyrissjóða er að tryggja mikilvæg og nauðsynleg tengsl við sambærileg lífeyrissjóðasamtök erlendis. LL eru því aðili að samtökum lífeyrissjóðasambanda innan Evrópska efnahagssvæðisins, EES. Samtökin kallast á ensku *European Federation for Retirement Provision – EFRP*. Í dag eiga sambönd í 21 ríki aðild að samtökunum, þar af sextán aðildarríki Evrópusambandsins.

Hlutverk EFRP er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum lífeyrissjóðasambanda Evrópuríkjanna. Starfsstöðvar samtakanna eru í Brussel og stór hluti starfsemi sinnar felst í því að fylgjast með og hafa áhrif á lagaframkvæmd Evrópuþingsins um málefni sem tengjast lífeyrissjóðunum. Jafnframt vinna samtökin að upplýsingaöflun um þróun lífeyrismála í einstökum aðildarlöndum og miðla upplýsingum til aðildarsambanda sinna.

Viðfangsefni EFRP á liðnu ári lutu meðal annars að áframhaldandi umræðu um grænbók ESB um lífeyrismál, sem kynnt var í júlí 2010. Í kjölfar hennar gaf ESB svo út hvítbók um lífeyrismál, *White Paper on adequate, safe and sustainable pensions*, sem kynnt var 16. febrúar sl. Þar er litið til þess með hvaða hætti ESB og aðildarríki þess gætu tekist á við áskoranir sem lífeyriskerfi landanna standa frammi fyrir. Þá hefur EFRP einnig tekið þátt í umræðu um endurskoðun gildandi tilskipunar ESB, 2003/41/EC, um starfstengda lífeyrissjóði *Directive on the activities and supervision of institutions for occupational retirement provision* sem nú er unnið að á vettvangi ESB. Eins hafa ýmis álitamál sem tengjast skuldakreppunni í Evrópu og aðkomu lífeyrissjóða innan ESB að henni verið til umræðu



Lífeyrissparnaður sem % af landsframleiðslu



Heimild: Towers Watson

á vettvangi samtakanna. Á vef samtakanna, [www.efrp.org](http://www.efrp.org), er að finna margvíslegan fróðleik um starfsemi EFRP og evrópsk lífeyrismál.



Stöndum saman.

## UMSAGNIR LL

Eitt helsta verkefni Landssamtaka lífeyrissjóða er að koma á framfæri sjónarmiðum er varða hagsmuni lífeyrissjóðanna við stjórnvöld, stofnanir og þingnefndir. Því hafa LL skilað inn fjölda umsagna um lagafrumvörp og reglur Fjármálaeftirlitsins varðandi lífeyrissjóði. Málin hafa verið af ýmsum toga en þunginn einkum legið þar sem ætlunin er að leggja aukna greiðslubyrði á lífeyrissjóði, s.s. vegna reksturs embættis umboðsmanns skuldara, Fjármálaeftirlitsins og skattlagningar lífeyrissjóða.

Vegna aukinna áлага á lífeyrissjóði taldi stjórn LL nauðsynlegt að senda frá sér sérstaka ályktun 13. desember sl., svohljóðandi:

„Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða mótmælir harðlega hvers konar nýjum álögum á starfsemi lífeyrissjóða, hvort sem þær eru í formi hækkunar á gjaldtöku eða með nýjum sköttum.

Stjórnvöld ætla að leggja á sérstakan 0,0814% eignarskatt á heildareignir samtryggingahluta lífeyrissjóða vegna árána 2012 og 2013. Jafnframt ætla stjórnvöld að lækka frádráttarbært iðgjald til viðbótarlífeyrissparnaðar úr 4% í 2% næstu þrjú árin.

Þá hefur undanfarna daga verið greint frá áformum um verulega hækkun gjaldtöku til að standa undir rekstri Fjármálaeftirlitsins og embættis umboðsmanns skuldara á árinu 2012. Einnig voru uppi áform um sérstakan 10,5% fjársýsluskatt á starfsemi lífeyrissjóða, sem reyndar hefur vegna mikillar andstöðu nú verið horfið frá.

Gangi þessi áform stjórnvalda eftir er ljóst að þau munu auka álögur og kostnað lífeyrissjóðanna og hafa þau áhrif að lífeyrisgreiðslur munu lækka til sjóðfélaga, sem eru eigendur sjóðanna.“

Þrátt fyrir hávær mótmæli hafa áform stjórnvalda því miður að stórum hluta gengið eftir þar sem samþykkt var á Alþingi í desember 2011 að lækka frádráttarbært iðgjald í viðbótarlífeyrissparnað tímabundið úr 4% í 2%. Einnig var samþykkt sérstök skattlagning á eignir samtryggingardeilda lífeyrissjóðanna en sjóðunum var hlíft við fjársýsluskattinum enda byggðist hann á afar veikum grunni gagnvart þeim.

LL og allt bakland lífeyrissjóðanna hafa barist hart gegn skattlagningu eigna samtryggingardeilda en upphaf þessa má í raun rekja til viljayfirlýsingar stjórnvalda, fjármálafyrirtækja og lífeyrissjóða um aðgerðir vegna skuldavanda heimilanna frá 3. desember 2010. Í yfirlýsingunni er m.a. kveðið á um að fjármálafyrirtæki og lífeyrissjóðir fjármagni nýja tegund tímabundinnar vaxtaniðurgreiðslu. Lífeyrissjóðirnir tóku skýrt fram allt frá upphafi að þeir myndu aldrei sætta sig við skattlagningu í þessum efnunum en þrátt fyrir það greip Alþingi til þess í desember 2011 að samþykkja frumvarp sem fól í sér tímabundna skattlagningu á samtryggingardeildir lífeyrissjóða. Í umsögn LL við frumvarpið er tilgreind sú afstaða lífeyrissjóðanna að skattlagningin sé í andstöðu við ákvæði í stjórnarskrá lýðveldisins Íslands.

Umfangsmiklar umræður hafa verið í gangi við fulltrúa fjármálaráðuneytisins þar sem reynt hefur verið að leita allra mögulegra leiða til að fjármagna hlut lífeyrissjóðanna í þessum sérstöku vaxtabótum. Lífeyrissjóðirnir vildu helst fjármagna sinn hluta með viðskiptum við ríkið og var reynt að finna viðunandi eignir sem unnt væri að kaupa af ríkinu. Slíkir samningar hafa ekki tekist.

Í byrjun febrúar 2012 var gengið frá yfirlýsingu um þátttöku lífeyrissjóða í gjaldeyrisútboðum Seðlabanka Íslands en þar er gert ráð fyrir því að hagnaði ríkisins af útboðunum verði ráðstafað til að mæta hlut lífeyrissjóðanna í fjármögnun sérstakra vaxtabóta. Hvernig máli þessu mun endanlega lykta liggur ekki fyrir en LL vonast til þess að það fái farsælan endi fyrir alla aðila.



## AÐILDARSJÓÐIR LANDSSAMTAKA LÍFEYRISSJÓÐA

Lífeyrissjóður	Hrein eign 31.12.2010 þús. króna	Innan LL %
Lsj. starfsmanna ríkisins	350.106.289	18,33%
Lsj. verzlunarmanna	309.931.681	16,23%
Gildi lífeyrissjóður	241.042.705	12,62%
Stapi lífeyrissjóður	109.021.175	5,71%
Sameinaði lífeyrissjóðurinn	105.413.610	5,52%
Almenni lífeyrissjóðurinn	98.693.379	5,17%
Frjálsi lífeyrissjóðurinn	87.063.469	4,56%
Stafir lífeyrissjóður	83.662.812	4,38%
Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda	80.786.969	4,23%
Festa lífeyrissjóður	63.226.069	3,31%
Lsj. starfsmanna Reykjavíkurborgar	54.376.041	2,85%
Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga	48.689.391	2,55%
Lífeyrisjóður bankamanna	46.554.595	2,44%
Lífeyrissjóður verkfræðinga	33.962.232	1,78%
Íslenski lífeyrissjóðurinn	30.663.757	1,61%
Lífeyrissjóður Vestmannaeyja	28.822.160	1,51%
Lífeyrissjóður Vestfirðinga	26.661.747	1,40%
Lífeyrissjóður bænda	22.620.058	1,18%
Lífeyrissjóður hjúkrunarfræðinga	21.654.349	1,13%
Eftirlaunasjóður FÍA	16.583.600	0,87%
Lífeyrissj. starfsmanna Búnaðarbanka Ísl.	16.095.245	0,84%
Kjölur lífeyrissjóður	8.068.872	0,42%
Lsj. starfsmanna Akureyrarbæjar	7.643.265	0,40%
Lsj. Rangæinga	5.618.989	0,29%
Ls. starfsmanna Kópavogskaupstaðar	2.973.628	0,16%
Eftirlaunasjóður Reykjanesbæjar	2.898.842	0,15%
Lsj. Tannlæknafélags Íslands	2.737.105	0,14%
Eftirlaunasj. starfsm. Hafnarfjarðarkaupst.	1.829.536	0,10%
Lífeyrissjóður Akraneskaupstaðar	915.985	0,05%
Lífeyrissjóður starfsm. Húsavíkurkaupst.	583.511	0,03%
Lsj. Neskaupstaðar	512.699	0,03%
Lsj. starfsmanna Vestmannaeyjarbæjar	84.856	0,00%
<b>Samtals í LL</b>	<b>1.909.498.621</b>	<b>100,00%</b>

**LANDSSAMTÖK LÍFEYRISSJÓÐA**

**ÁRSREIKNINGUR 2011**





# SKÝRSLA OG ÁRITUN STJÓRNAR OG FRAMKVÆMDASTJÓRA

Landssamtök lífeyrissjóða voru stofnuð 18. desember 1998. Landssamtökum lífeyrissjóða er ætlað að vera málsvari lífeyrissjóða og gæta hagsmuna sjóðfélaga þeirra.

Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2011 er gerður með sambærilegum hætti og ársreikningur félagsins árið á undan. Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur 76,4 millj. kr. og tap á rekstrinum var 44,8 millj. kr. Eigið fé í árslok nam 42,7 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi, en eigið fé í ársbyrjun var 87,4 millj. kr.

Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða og framkvæmdastjóri staðfesta hér með ársreikning þeirra fyrir árið 2011 með undirritun sinni.

Reykjavík, 2. apríl 2012

## **Stjórn Landssamtaka lífeyrissjóða:**

Arnar Sigurmundsson

Haukur Hafsteinsson

Auður Finnbogadóttir

Friðbert Traustason

Guðrún Guðmannsdóttir

Helgi Magnússon

Sigurður Bessason

Þorbjörn Guðmundsson

## **Framkvæmdastjóri:**

Þórey S. Þórðardóttir



## ÁRITUN ÓHÁÐS ENDURSKOÐANDA

### Til stjórnar og aðildarsjóða Landssamtaka lífeyrissjóða

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Landssamtaka lífeyrissjóða fyrir árið 2011. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

### Ábyrgð stjórnenda á ársreikningnum

Stjórnendur eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem þeir telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

### Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg vissa fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggist á faglegu mati endurskoðandans, þar með talið á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreiknings, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

### Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2011, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2011 og breytingu á handbæru fé á árinu 2011, í samræmi við lög um ársreikninga.

### Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 5. tl. 1. mgr. 106 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 2. apríl 2012

**KPMG ehf.**

Sæmundur Valdimarsson

## REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2011

	Skýr.	2011	2010
<b>REKSTRARTEKJUR</b>			
Árgjöld .....	1b	34.661.819	34.781.883
Sérstakt gjald vegna úttektarnefndar .....	1b	39.999.998	0
Aðrar tekjur.....		<u>1.775.759</u>	<u>0</u>
		<u>76.437.576</u>	<u>34.781.883</u>
<b>REKSTRARGJÖLD</b>			
Laun og launatengd gjöld.....	2	40.044.751	28.596.476
Annar rekstrarkostnaður .....	3	39.368.981	31.040.143
Kostnaður vegna úttektarnefndar .....	4	<u>43.709.438</u>	<u>10.126.072</u>
		<u>123.123.170</u>	<u>69.762.691</u>
<b>Rekstrartap án fjármunatekna og fjármagnsgjalda.....</b>		( 46.685.594 )	( 34.980.808 )
Vaxtatekjur .....		1.933.701	6.405.492
Vaxtagjöld.....		( <u>32.081</u> )	( <u>16.100</u> )
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals .....</b>		<u>1.901.620</u>	<u>6.389.392</u>
<b>Tap ársins .....</b>	7	( <u>44.783.974</u> )	( <u>28.591.416</u> )



## EFNAHAGSREIKNINGUR

### Eignir

	Skýr.	2011	2010
<b>FASTAFJÁRMUNIR</b>			
Rekstrarfjármunir:			
Áhöld og innréttingar .....	5	<u>884.667</u>	<u>925.400</u>
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>			
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Eignarhlutir í öðrum félögum .....	6	<u>682.208</u>	<u>682.208</u>
Fastafjármunir samtals		<u>1.566.875</u>	<u>1.607.608</u>
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða ehf.....		1.572.197	13.521.215
Aðrar skammtímakröfur .....		895.735	1.501.763
Handbært fé .....		<u>46.906.942</u>	<u>85.973.964</u>
Veltufjármunir samtals		<u>49.374.874</u>	<u>100.996.942</u>
<b>Eignir samtals</b>		<u><u>50.941.749</u></u>	<u><u>102.604.550</u></u>

## 31. DESEMBER 2011

### Eigið fé og skuldir

	Skýr.	2011	2010
Eigið fé .....	7	<u>42.651.536</u>	<u>87.435.510</u>
<b>SKAMMTÍMASKULDIR</b>			
Ýmsar skammtímaskuldir .....		<u>8.290.213</u>	<u>15.169.040</u>
	Skuldir samtals	<u>8.290.213</u>	<u>15.169.040</u>
	<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>	<u><u>50.941.749</u></u>	<u><u>102.604.550</u></u>



## SJÓÐSTREYMISYFIRLIT ÁRIÐ 2011

	Skýr.	2011	2010
<b>REKSTRARHREYFINGAR</b>			
Tap ársins .....	7	( 44.783.974 )	( 28.591.416 )
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi: Afskriftir .....	5	500.582	194.077
Veltufé til rekstrar		( 44.283.392 )	( 28.397.339 )
 Breytingar rekstartengdra eigna og skulda: Skammtímakröfur, lækkun (hækkun) .....		606.028	( 455.261 )
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun.....		( 6.878.827 )	9.662.885
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum		( 6.272.799 )	9.207.624
Handbært fé til rekstrar		( 50.556.191 )	( 19.189.715 )
 <b>FJÁRFESTINGARHREYFINGAR</b>			
Keyptir rekstrarfjármunir .....		( 459.849 )	( 970.384 )
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða ehf., breyting .....		11.949.018	0
Fjárfestingarhreyfingar		11.489.169	( 970.384 )
 <b>FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR</b>			
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða ehf., breyting .....		0	( 13.688.732 )
Fjármögnunarhreyfingar		0	( 13.688.732 )
 Lækkun á handbæru fé .....		( 39.067.022 )	( 33.848.831 )
Handbært fé í ársbyrjun.....		85.973.964	119.822.795
Handbært fé í árslok .....		<u>46.906.942</u>	<u>85.973.964</u>

# SKÝRINGAR

## 1. Reikningsskilaaðferðir

- a. Ársreikningur Landssamtaka lífeyrissjóða er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn byggir á kostnaðarverðs-reikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.
- b. *Innlausn tekna*  
Árgjöld aðildarsjóðanna á árinu eru miðuð við iðgjaldtekjur þeirra á árinu 2010. Árgjöldin eru 0,0425% af 12% lágmarksiðgjöldum sjóðanna. Þeir sjóðir sem taka ekki lengur við iðgjöldum greiða 0,0024% af hreinni eign í árslok 2010. Á árinu 2011 voru lögð á 20,0 millj. kr. aukaárgjöld til að mæta kostnaði við Úttektarnefnd Landssamtaka lífeyrissjóða. Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða ehf. lagði til 20,0 millj. kr. vegna kostnaðar við nefndina.
- c. *Rekstrarfjármunir*  
Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð.
- d. *Eignarhlutir í félögum*  
Eignarhlutir í öðrum félögum eru eignfærðir á kostnaðarverði.

## 2. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:	2011	2010
Laun stjórnar og varastjórnar .....	6.814.084	8.190.000
Laun starfsmanna .....	24.121.304	14.481.171
Laun samtals .....	30.935.388	22.671.171
Launatengd gjöld .....	9.109.363	5.925.305
Laun og launatengd gjöld samtals .....	40.044.751	28.596.476

Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf ... 1,8 1,3

Laun og hlunnindi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna greinist þannig:	2011
Pórey S. Þórðardóttir, framkvæmdastjóri .....	8.000.000
Hrafn Magnússon, fyrrverandi framkvæmdastjóri .....	15.302.412
Arnar Sigurmundsson, formaður stjórnar .....	2.232.581
Haukur Hafsteinsson, varaformaður .....	864.435
Friðbert Traustason .....	576.333
Guðrún K. Guðmannsdóttir .....	576.333
Gunnar Þór Baldvinsson .....	576.333
Helgi Magnússon .....	576.333
Þorbjörn Guðmundsson .....	576.333
Sigurður Bessason .....	362.903
Konráð Þorsteinn Alfreðsson .....	225.000
Jón G. Kristjánsson .....	125.000
Sigurbjörn Sigurbjörnsson .....	50.000
Arnaldur Loftsson .....	25.000
Auður Finnbogadóttir .....	25.000
Elsa Björk Friðfinnsdóttir .....	22.500



## Skýringar, frh.:

### 3. Annar rekstrarkostnaður

Annar rekstrarkostnaður greinist þannig:	2011	2010
Húsaleiga.....	1.996.389	1.927.842
Annar húsnæðiskostnaður.....	379.642	347.808
Pappír, prentun, ritföng.....	1.682.234	1.222.759
Símakostnaður.....	672.480	448.114
Burðargjöld.....	132.539	123.402
Bækur, blöð og tímarit.....	670.410	660.986
Aðkeypt þjónusta.....	22.910.495	13.964.986
Rekstur bifreiðar.....	1.399.786	2.431.433
Ferðakostnaður.....	1.212.334	1.885.110
Fundir, ráðstefnur, námskeið.....	1.934.009	2.427.693
Auglýsingar og kynningarkostnaður.....	1.724.192	754.170
Félagsgjöld.....	1.684.799	1.791.325
Réttindabók.....	435.493	0
Viðhald og gjaldfærð áhöld og tæki.....	566.461	0
Risna.....	735.074	60.317
Styrkir.....	525.000	2.547.151
Afskriftir rekstrarfjármuna.....	500.582	194.077
Annar kostnaður.....	207.062	252.970
Annar rekstrarkostnaður samtals.....	<u>39.368.981</u>	<u>31.040.143</u>

### 4. Kostnaður vegna úttektarnefndar

Kostnaður vegna úttektarnefndar greinist þannig:		
Laun.....	32.100.616	7.018.000
Launatengd gjöld.....	<u>5.166.884</u>	<u>1.175.514</u>
Laun og launatengd gjöld samtals.....	<u>37.267.500</u>	<u>8.193.514</u>
Húsaleiga.....	1.620.000	619.235
Annar kostnaður.....	<u>4.821.938</u>	<u>1.313.323</u>
Rekstarkostnaður samtals.....	<u>6.441.938</u>	<u>1.932.558</u>
Kostnaður vegna úttektarnefndar samtals.....	<u>43.709.438</u>	<u>10.126.072</u>
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf ...	4,6	1,0



## Skýringar, frh.:

### 5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:	2011
Stofnverð 1.1.2011 .....	2.461.358
Keypt á árinu.....	<u>459.849</u>
Stofnverð 31.12.2011.....	<u>2.921.207</u>
Afskrifað 1.1.2011 .....	1.535.958
Afskrifað á árinu.....	<u>500.582</u>
Afskrifað 31.12.2011.....	<u>2.036.540</u>
Bókfært verð 31.12.2011.....	<u>884.667</u>
Afskriftahlutföll .....	20-35%

### 6. Áhættufjármunir

Eignarhlutir félagsins í öðrum félögum greinast þannig:	Eignarhlutur	Bókfært verð
Eignarhaldsfélag lífeyrissjóða ehf.....	7,5%	672.208
Greiðslustofa lífeyrissjóða .....	1,0%	<u>10.000</u>
Eignarhlutir í öðrum félögum samtals.....		<u>682.208</u>

### 7. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga: .....			
	Stofnfé	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 1.1.2011.....	24.416.897	63.018.613	87.435.510
Tap ársins.....		( 44.783.974 )	( 44.783.974 )
Eigið fé 31.12.2011 .....	<u>24.416.897</u>	<u>18.234.639</u>	<u>42.651.536</u>





